



Erindisbréf

Faghópur um leikskólamál

Markmið

Meginmarkmið faghópsins er að vinna áfram að málefnum leikskóla í Sveitarfélaginu Árborg með það meðal annars fyrir augum að koma með tillögum að úrbótum varðandi færanlegt kennsluhúsnæði við leikskólana Árbæ og Álfheima, sbr. bókun á fundi bæjarráðs fimmtudaginn 28. júlí 2022.

Hlutverk og helstu verkefni

Til viðbótar við áður nefnd meginmarkmið er hlutverk hópsins að huga að skipulagi og fjölda leikskóladeilda í húsnæði Stekkjaskóla sem losnar um eða eftir áramótin 2022/2023 með það í huga að þar verði einkum eldri leikskólabörn. Í þeirri vinnu verði m.a. horft til biðlista og fjölda barna í Sveitarfélaginu Árborg sem eru á leikskólaaldri og mögulega íbúapróun á næstu árum. Þá meti faghópurinn mögulega kosti þess að bjóða foreldrum ungra barna sem ekki eru í leikskóla heimagreiðslur frá lokum fæðingarorlofs.

Faghópurinn skipa:

Faghópurinn skipa þrjú fulltrúar bæjarstjórnar, Sveinn Ægir Birgisson, formaður D-lista, Brynhildur Jónsdóttir, D-lista, Arnar Freyr Ólafsson, B-lista. Með faghópnum starfa þau Atli Marel Vokes, sviðsstjóri mannvirkja- og umhverfissviðs Júlíana Tyrfingsdóttir, leikskólastjóri, Guðný Ingibjörg Rúnarsdóttir, leikskólaráðgjafi og Margrét Björk Brynhildardóttir, deildarstjóri skólaþjónustu. Fleiri starfsmenn sveitarfélagsins geta verið kallaðir til ef faghópurinn telur þörf á.

Skipunartími:

Starfshópurinn er skipaður tímabundið og skal hafa skilað tillögu til bæjarstjórnar varðandi leikskóladeildir í Stekkjaskóla eigi síðar en 15. september 2022 og öðrum tillögum eigi síðar en 31. maí 2023.

Þóknun:

Kjörnum fulltrúum skal greidd þóknun í samræmi við 43. gr. samþykkt um stjórn og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 665/2019.

Samþykkt í xxxxxxxxxxxx 2022



Sveitarfélagið
ÁRBORG

Fjölskyldusvið